
PERSÓNUVERNDARSTEFNA FYRIR UMSÆKJENDUR UM STÖRF HJÁ SEMENTSVERKSMIÐJUNNI EHF.

Vinnsla á persónuupplýsingum um umsækjendur um störf hjá Sementsverksmiðjunni ehf.

Dags. 19.12.2018



er hluti af
HeidelbergCement Northern Europe

1. Inngangur

- 1.1 Tilgangur þessarar persónuverndarstefnu er til að veita upplýsingar um hvernig Sementsverksmiðjan ehf., kt. 560269-5369, sem ábyrgðaraðili, vinnur persónuupplýsingar um umsækjendur (einnig vísað til „þín“) í tengslum við umsókn um störf hjá Sementsverksmiðjan ehf. (einnig vísað til „félagsins“ og „okkar“).
- 1.2 Félagið leitast við að uppfylla í hvívetna persónuverndarlöggjöf og er stefna þessi byggð á lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

2. Hvaða persónuupplýsingar eru unnar?

- 2.1 Við söfnum og varðveitum ýmsar persónuupplýsingar um umsækjendur. Ólíkum persónuupplýsingum kann að vera safnað fyrir mismunandi störf og kann vinnsla og söfnun á persónuupplýsingum að fara eftir eðli starfs.
- 2.2 Eftirfarandi eru upplýsingar sem félagið safnar um umsækjendur um störf:
- samskiptaupplýsingar, s.s. nafn, kennitala, netfang, símanúmer
 - upplýsingar um menntun og reynslu og réttindi sem nýtast í starfi s.s. öku- og vinnuvélaréttindi.
 - Í einhverjum tilfellum kann að vera beðið um upplýsingar um sakaferil.

Komist umsækjandi áfram í viðtal vinnur félagið jafnframt með þær upplýsingar sem fram koma um umsækjanda í því viðtali og eftir atvikum frá meðmælendum.

Auk framangreindra upplýsinga, kann félagið einnig að safna og vinna aðrar upplýsingar sem umsækjendur láta félaginu sjálfir í té (t.d. um fjölskylduhagi og ástæður umsóknar um starf).

- 2.3 Sementsverksmiðjan ehf. safnar persónuupplýsingum sem koma beint frá þér, einnig getur verið um að ræða upplýsingar frá þriðja aðila, s.s. upplýsingar frá meðmælendum.

3. Hvers vegna söfnum við persónuupplýsingum og á hvaða grundvelli?

- 3.1 Við söfnum persónuupplýsingum um umsækjendur fyrst og fremst til að geta valið hæfasta umsækjandann til að gegna viðkomandi starfi.
- 3.2 Þannig eru upplýsingarnar fyrst og fremst unnar á þeim grundvelli að vinnslan sé nauðsynleg í því skyni að gera ráðstafanir að beiðni umsækjandans áður en samningur er gerður. Í þeim tilvikum þar sem að söfnun og vinnsla persónuupplýsinga krefst samþykkis umsækjanda, er umsækjanda ávallt heimilt að afturkalla slíkt samþykki sitt.

4. Hvenær deilum við persónuupplýsingum um þig?

- 4.1 Félagið kann að miðla persónuupplýsingum um umsækjendur til ráðningaskrifstofu, ráðgjafa, verktaka og annarra þriðju aðila vegna vinnu þeirra fyrir félagið í tengslum við umsóknarferlið. Einnig gæti persónuupplýsingum verið miðlað til þriðju aðila sem veita okkur upplýsingatækniþjónustu og aðra þjónustu sem tengist vinnslu og er hluti af rekstri félagsins, hvort sem það er innan samstæðu félagsins eða utan.
- 4.2 Þriðju aðilar sem veita okkur þjónustu samkvæmt framansögðu gætu verið staðsettir utan Íslands. Félagið mun þó ekki miðla persónuupplýsingum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema slíkt sé heimilt á grundvelli viðeigandi persónuverndarlöggjafar.
- 4.3 Að lokum gætu persónuupplýsingar um þig verið afhentar að því marki sem heimilað er eða krafist er á grundvelli viðeigandi laga eða reglna. Einnig kann persónuupplýsingum þínum að vera miðlað til þriðja aðila til að bregðast við löglegum aðgerðum eins og húsleitum, stefnum eða dómsúrskurði.

5. Hversu lengi eru persónuupplýsingar þínar varðveittar?

- 5.1 Sementsverksmiðjan ehf. varðveitir umsóknir í sex mánuði, nema þær séu afturkallaðar fyrir eða umsækjandi hafi veitt sérstakt samþykki fyrir lengri varðveislutíma.

6. Hver eru réttindi þín og úrræði?

- 6.1 Þú átt rétt á því að fá aðgang að þeim persónuupplýsingum sem Sementsverksmiðjan ehf. vinnur um þig og einnig til að óska eftir því að Sementsverksmiðjan ehf. leiðrétti rangar eða óáreiðanlegar persónuupplýsingar. Að tilteknum skilyrðum uppfylltum getur þú einnig óskað eftir því að persónuupplýsingum um þig sé eytt og/eða að vinnsla þeirra sé takmörkuð.
- 6.2 Þú átt rétt til að fá persónuupplýsingar sem varða þig, á skipulegu, algengu og tölvulesanlegu sniði og til að fá þessar persónuupplýsingar sendar til annars ábyrgðaraðila.
- 6.3 Þegar félagið vinnur persónuupplýsingar þínar á grundvelli lögmætra hagsmuna félagsins getur þú andmælt þeirri vinnslu.
- 6.4 Framangreind réttindi þín eru þó ekki fortakslaus. Þannig kunna lög eða reglugerðir að heimila eða skylda félagið til að hafna beiðni þinni um að nýta þér umrædd réttindi.
- 6.5 Ef þú telur að brotið hafi verið á réttindum þínum, þá getur þú haft samband og lagt fram kvörtun hjá Persónuvernd (www.personuvernd.is).

7. Samskiptaupplýsingar

- 7.1 Ef einhverjar spurningar vakna varðandi þessa persónuverndarstefnu eða ef þú vilt nýta þér þau réttindi sem lýst er að ofan, þá getur þú haft samband við okkur með tölvupósti í gegnum netfangið personuvernd@hornsteinn.is.

8. Endurskoðun

- 8.1 Félagið getur frá einum tíma til annars breytt persónuverndarstefnu þessari í samræmi við breytingar á viðeigandi lögum eða reglugerðum eða vegna breytinga á því hvernig félagið vinnur með persónuupplýsingar.
- 8.2 Allar breytingar sem kunna að verða gerðar á stefnunni taka gildi eftir að uppfærð útgáfa hefur verið kynnt.
- 8.3 Þessi persónuverndarstefna var samþykkt á stjórnarfundum félagsins þann 19.12.2018